



Ársskýrsla 2007

Ársskýrsla 2007

Efnisyfirlit

Ávarp forstöðumanns	4
Gestapistill	6
Skipulag og starfsemi	
Tillögur til úrbóta frá Ráðgjafarstofu vegna greiðsluferfiðleika heimilanna	8
Samkomulag um rekstur og hlutverk Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna	9
Framkvæmdastjórn	10
Starfsmenn	10
Skrifstofa	11
Ársfundur 12. apríl 2007	11
Fjölmiðlar	12
Rekstur og samstarf	
Framlög til rekstrar og aðrar tekjur	14
Styrktaraðilar	14
Þjónustusamningur	14
Fjármálafræðsla	14
Þjónusta Ráðgjafarstofu	15
Umsókn um ráðgjöf	15
Neysluviðmiðun	16
Framfærslukostnaður samkvæmt viðmiðunarneyslu ágúst 2007	16
Viðskiptavinir	
Fjöldi umsókna og viðskiptavina	18
Búseta	18
Ástæður greiðsluferfiðleika	19
Tillögur til lausnar greiðsluferfiðleikum	20
Félagslegar aðstæður	21
Fjölskyldugerð	21
Atvinnustaða	22
Húsnæðisaðstæður	22
Eignir	22
Aldur	23
Ráðstöfunartekjur eftir fjölskyldugerð	23
Ýmsar upplýsingar	
Skuldir heimilanna	25
Nefnd vegna löggjafar um greiðsluaðlögun	25
Lög um réttarástoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga	25
Samkomulag um rekstur Ráðgjafarstofu	28

Ávarp forstöðumanns

Á hverju ári er ársskýrsla Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna unnin. Þá er farið yfir upplýsingar um hverjir leita til hennar og þeirra staða könnuð. Meginverkefni Ráðgjafarstofu er ráðgjöf til einstaklinga og fjölskyldna á Íslandi sem eiga í greiðsluferfiðleikum. Í þessari ársskýrslu er að finna yfirlit yfir starfsemi Ráðgjafarstofu á árinu 2007. Að sjálfsögðu er ekki unnt í skýrslu sem þessari að gera grein fyrir öllum verkefnum. Ekki má gleyma að Ráðgjafarstofan veitir daglega ráðgjöf gegnum síma og netið til þeirra sem eiga í greiðsluferfiðleikum.

Eins og í þau ellefu ár sem Ráðgjafarstofan hefur starfað var árið 2007 viðburðaríkt og verkefnið næg. Rúmlega 600 fjölskyldur fengu umsóknir sínar afgreiddar á árinu með tillögum og ráðgjöf. Ársskýrslan sem nú kemur út endurspeglar þá starfsemi sem fram fór á árinu og hverjir það voru sem leituðu eftir þjónustu hennar. Í ársskýrslunni er að finna upplýsingar um einstaklinga á Íslandi sem eiga í greiðsluferfiðleikum.

Þjónusta Ráðgjafarstofu er viðkvæm þjónusta sem gengur út á það að auka lífsgæði þeirra sem eiga í greiðsluferfiðleikum og rétta fram hjálparhönd á erfiðum tímum í lífi fólks. Í samfélagi sem tekur miklum breytingum þarf þessi þjónusta greinilega að vera fyrir hendi og hún þarf að taka mið af þörfum þeirra sem leita eftir þjónustunni. Af þeim sökum var ákveðið að kanna viðhorf viðskiptavina Ráðgjafarstofu til þjónustunnar í desember 2007. Verður fróðlegt að sjá hver útkoman verður og hvort stofan fái góðar ábendingar um eitthvað sem betur megi fara frá þeim sem nýta sér þjónustuna.

Greiðsluferfiðleikar reyna mikið á andlegt og líkamlegt þrek einstaklinga og eru slítandi. Margfeldisáhrif vandans eru einnig mikil, þ.e. ef ein fjölskylda á í greiðsluferfiðleikum snertir það marga. Fjárhagserfiðleikar eru alvörumál og kosta þjóðfélagið mikið. Það er því brýnt samfélagslegt kappsmál að aðstoða þá sem eiga í greiðsluferfiðleikum. Ekki má gleyma að allir geta lent í áföllum á lífsleiðinni og mikilvægt er að leita sér aðstoðar áður en í ófni er komið. Fyrirbyggjandi starf er einnig mikilvægt og er fyrirhugað að efla enn frekar fræðslustarf á vegum Ráðgjafarstofu.

Að lokum við ég þakka hinum mörgu samstarfsaðilum Ráðgjafarstofu fyrir ánægjulegt og gott samstarf á árinu.

*Ásta Sigrún Helgadóttir
forstöðumaður*

Gestapistill

Fjárhagur heimilanna í landinu

*Fé skaltu hvorki að láni fá, né lána;
oft tapast lán, og löngum vinur með,
og lánsfé slævir eggjar hagsýnnar.*

William Shakespeare *Hamlet* 1.3.75-77.

Þýð. Helgi Hálfðanarson

Nýlegt fall krónunnar og verðbólga leggur þungar byrðar á heimilin sem mörg hver eru sligið af þungri skuldabyrði. Erfitt er fyrir þau að búa við óstöðuga mynt og ofurvexti á innlendum lánnum. Flotkrónan hefur því lagt mikinn kostnað á heimilin í landinu. Þau finna að hin þjóðfélagslega tilraun með fljótandi gengi og verðbólgu markmið Seðlabanka sem hafin var 2001 tókst ekki og að líta verður til nýrra átta um nýtt fyrirkomulag í þessum efnnum.

En þótt heimilin þurfi að takast á við mikinn vanda um þessar mundir má ekki gleymast að þau eru almennt sterk að efnnum. Þar ber hæst lífeyriseign einstaklinga og íbúðarhúsnæði sem er í almennri eigu hér á landi. Þá búa heimilin að menntun og reynslu sem tryggir hæfi til að afla tekna og standa undir fjárhagslegum skuldbindingum. eru þá ótaldar eignir á borð við sumarhús, bifreiðar, innbú og listaverk sem prýða mörg heimili.

Mörg íslensk heimili eru því vel efnnum búin og það jafnvel þótt lánaskuldbindingar séu miklar. Á móti skuldum standa eignir og ekki verður fjallað um skuldir nema um leið sé tekin fyrir greiðslugeta þeirra sem skuldirnar bera. Það er greiðslugetan en ekki skuldahlutfallið sem ræður hvernig fjárhag heimilanna reidir af. Fjárfesting einstaklinga felur í sér ákvörðun um að neita sér um neyslugæði og kallar á aðhald við ráðstöfun á tekjum heimilisins.

Um leið má ekki gleymast við opinbera stefnumótun að haldlaust er að lána til fjárfestinga nema á móti standi geta til að greiða af slíkum lánnum. Hundrað prósent lán til íbúðarkaupa, svo að dæmi sé tekið, kallar á að fólk eigi möguleika á að leggja fram gildan hlut af eigin aflafé til að standa undir slíkri skuldbindingu í allt að 40 ár. Nýleg reynsla sýnir að varhugavert er að gefa fólki fyrirheit um að það geti fyrirhafnarlaust eignast íbúðarhúsnæði.

Oftar en ekki er dýrt að skulda og það þekkja menn um þessar mundir. Þar fara saman himinháir vextir og verðtrygging lána. Vextirnir eru afleiðing af efnahagslegum skilyrðum og ákvörðunum á vettvangi hagstjórnar. Verðtryggingin er samofin íslenskum lánamarkaði og á sér efnahagslegar og sögulegar rætur. Hún hefur verið brjóstvörn sparifáreigenda og hefur með öðru skilað Íslendingum einni hæstu lífeyriseign á byggðu bóli. Langtímasamningar gera að verkum að verðtryggingin mun setja mark sitt á íslenskan fjármálamarkað um árabíl. Á móti kemur að undanfarin ár hefur verð íbúðarhúsnæðis hækkað að mun og vegur þetta á móti þungum vaxtagreiðslum af íbúðalánnum.

Ákvörðun um að ganga til samstarfs við nágrannalöndin um notkun evrunnar, sem í ljósi nýlegrar þróunar sýnist ekki aðeins æskileg heldur nauðsynleg, myndi skapa ný viðhorf í lánamálum og fjárfestingum heimila og fyrirtækja. Þá rynni íslenskur fjármálamarkaður saman við hinn evrópska með auknum stöðugleika og sambærilegum kjörum í fjármálaviðskiptum og gerist á meginlandi Evrópu.

Ólafur Ísleifsson
lektor Viðskiptadeildar Háskóla Reykjavíkur

Skipulag og starfsemi

Tillögur til úrbóta frá Ráðgjafarstofu vegna greiðsluferfiðleika heimilanna:

- **Neysluviðmiðun**

Mikilvægt er að á Íslandi verði sett almenn neysluviðmiðun. Í starfi Ráðgjafarstofu er stuðst við neysluviðmiðun sem gerð var árið 1995 og nefnd bráðabirgðaneysluviðmiðun. Til að tryggja að lágmarksframfærsla fjölskyldna sé tryggð m.a. við úrvinnslu greiðsluferfiðleikamála er mikilvægt að á Íslandi verði sett ákveðið neysluviðmið sem unnt er að nota við fjármálaráðgjöf. Viðamikilli skýrslu og tillögum var skilað til þáverandi viðskiptaráðherra 11. október 2006 um kosti og galla útgáfu neysluviðmiðunar fyrir Ísland.

- **Fjármálafræðsla**

Á árinu 2007 voru 16% umsækjenda sem töldu vankunnáttu í fjármálum vera ástæðu greiðsluferfiðleika sinna. Mikilvægt er að efla almenna fjármálafræðslu og skólakerfið þarf að taka hana inn í skyldubundið nám. Það er mikil skerðing á lífsgæðum að eiga í greiðsluferfiðleikum og mikilvægt að efla fræðsluna til að sem fæstir lendi í þeim vanda. Fræðsla þyrfti að vera meðal annars um lántökur, kostnað þeirra og afleiðingar vanefnda.

- **Sparnaður**

Sparnaður er mikilvægur til að forða einstaklingum frá greiðsluferfiðleikum. Stjórnvöld þurfa að grípa til aðgerða til að gera hann eftirsóknarverðan. Lítil hefð er fyrir sparnaði á Íslandi en því þarf að breyta. Mikilvægt er að efla fræðslu um sparnað og koma honum inn í þjóðarvitundina. Fjárfestingar umfram efni með lántökum eru algeng ástæða greiðsluferfiðleika. Fæstir sem leita til Ráðgjafarstofu eiga varasjóð til að leita í þegar eitthvað bjátar á.

- **Barna- og vaxtabætur**

Að mati Ráðgjafarstofu er ástæða til að endurskoða hvort rétt sé að barnabætur séu nýttar til lækkunar skattaskulda einstaklinga. Einnig hvort endurskoða þyrfti tekjutengingu þeirra og að þær verði greiddar út mánaðarlega en ekki á þriggja mánaða fresti eins og nú tíðkast. Sama gildir um vaxtabætur.

- **Stimpilgjöld**

Þeir sem eiga í greiðsluferfiðleikum þurfa oft að skuldbreyta lánnum eða grípa til annarra aðgerða til að breyta mánaðarlegri greiðslubyrði. Stimpilgjöld leggjast þungt á þennan hóp. Er lagt til að stimpilgjöld verði lögð niður.

- **Launaafdráttur**

Skattfyrvöld hafa heimild til að taka allt að 75% af launatekjum þeirra sem skulda opinber gjöld. Mikilvægt er að skattfyrvöldum verði veitt lagaheimild til að semja um endurgreiðslu skattkulda einstaklinga í greiðsluferfiðleikum. Í því skyni verður að tryggja lágmarksframfærslu og að einstaklingur sjái út úr vandanum. Mikilvægt er einnig að reyna að einfalda skattkerfið.

• Húsaleigubætur

Rúmlega helmingur viðskiptavina Ráðgjafarstofu eru í leiguhúsnæði. Leigumarkaðurinn á Íslandi er frekar takmarkaður og hefur leiguverð hækkað verulega undanfarin ár vegna hækkunar fasteignaverðs. Fjárhæðir húsaleigubóta hafa ekki fylgt þessari þróun. Þetta atriði skiptir miklu máli fyrir einstaklinga í greiðsluferfiðleikum sem eru á leigumarkaðnum.

• Löggjöf um greiðsluáðlögun einstaklinga

Það myndi koma þeim hópi vel sem á í greiðsluferfiðleikum ef löggjöf um greiðsluáðlögun á Íslandi yrði samþykkt. Nefnd sem vann að drögum að frumvarpi til sérstakra laga um greiðsluáðlögun einstaklinga hefur lokið starfi sínu og lagt fram drög að frumvarpi til viðskiptaráðherra. Er það til vinnslu í ráðuneytinu.

• Yfirlit yfir lánaskuldbindingar

Vinna þarf að því að endurskoða og endurbæta viðskiptamannayfirlit fjármálafyrirtækja. Framkvæmdastjórn Ráðgjafarstofu sendi ábendingu til viðskiptaráðherra og hvatti til að farið yrði í þá vinnu að endurbæta viðskiptamannayfirlit lánastofnana.



*Jóhanna Sigurðardóttir félags- og tryggingamálaráðherra,
undirritar samkomulag 7. desember 2007*

Nýtt samkomulag um hlutverk og rekstur Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna

Á árinu var unnið að gerð nýs samkomulags sem var undirritað 7. desember 2007. Það er til fimm ára með endurskoðunarákvæði eftir þrjú ár. Er gildistími þess til 31. desember 2012. Kreditkort hf. sem hefur verið styrktaraðili til margra ára kom inn sem fullgildur aðili og eru það 16 aðilar sem standa að samkomulagi sem mun gilda árin 2008 - 2012.

Eftirtaldir aðilar koma að nýju samkomulagi

- Félagsmálaráðuneytið
- Íbúðalánasjóður
- Reykjavíkurborg
- Kaupþing banki hf.
- Kópavogsbær
- Glitnir hf.
- Landsbanki Íslands hf.
- Samband íslenskra sparisjóða
- Samband íslenskra sveitarfélaga
- Þjóðkirkjan
- Landssamtök lífeyrissjóða
- Alþýðusamband Íslands (ASÍ)
- Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB)
- Bandalag háskólamanna (BHM)
- Rauði kross Íslands
- Kreditkort hf.



Heimsókn ráðherra á Ráðgjafarstofu.



Starfsmenn að störfum



Heimsókn á skrifstofu MABS á Írlandi

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn fer með stefnumótun Ráðgjafarstofu skv. 4. gr. samkomulags um stofuna. Fulltrúar í framkvæmdastjórn eru tilnefndir til þriggja ára í senn, þ.e. til mars 2008.

Ný framkvæmdastjórn var skipuð árið 2005. Er skipað í framkvæmdastjórn með þeim hætti að félagsmálaráðherra skipar fimm manna stjórn samkvæmt tilnefningum frá félagsmálaráðuneyti, Íbúðalánasjóði, Reykjavíkurborg og frá Samtökum fjármálafyrirtækja, auk varamanna.

Eftirtaldir aðilar voru í framkvæmdastjórn árið 2007:

Ingi Valur Jóhannsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneyti, formaður,
Gylfi Örn Guðmundsson, sérfræðingur hjá Íbúðalánasjóði,
Ellý A. Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar,
Guðrún Gunnarsdóttir, forstöðumaður hjá Glitni hf., og
Guðmundur Ingi Hauksson, útibússtjóri hjá Landsbanka Íslands hf.

Björn Arnar Magnússon, deildarstjóri í félagsmálaráðuneyti, starfar með framkvæmdastjórn. Forstöðumaður Ráðgjafarstofu situr fundi framkvæmdastjórnar, ritar fundargerð og hefur tillögurétt.

Þær mannbreytingar urðu í lok árs 2007 í framkvæmdastjórn að Stella K. Víðisdóttir, sviðsstjóri á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, var skipuð í stað Ellýjar, sem varð jafnframt varamaður hennar.

Framkvæmdastjórnarfundir eru haldnir einu sinni í mánuði að jafnaði. Störf framkvæmdastjórnar beinast einkum að stefnumótun starfseminnar.

Starfsmenn

Starfsmannafjöldi Ráðgjafarstofu hefur verið óbreyttur frá upphafi. Um er að ræða forstöðumann, fjóra ráðgjafa og þjónustustjóra.

Forstöðumaður er Ásta S. Helgadóttir lögfræðingur.

Í lok árs 2007 voru starfsmenn Ráðgjafarstofu eftirtaldir:

Ásta Sigrún Helgadóttir forstöðumaður,
Elna Sigrún Sigurðardóttir, ráðgjafi og staðgengill forstöðumanns,
Margrét Valdimarsdóttir ráðgjafi,
Vilborg Ragna Ágústsdóttir ráðgjafi,
Vigdís Hreinsdóttir ráðgjafi og
Ingveldur Fjeldsted þjónustustjóri.

Á árinu fór Björg Sigurðardóttir ráðgjafi í ársleyfi. Í stað hennar var ráðin Vilborg Ragna Ágústsdóttir ráðgjafi.

Í október fóru starfsmenn í fræðslu- og kynnisferð til Dublinar á Írlandi. Heimsóttu starfsmenn MABS (Money Advice and Budgeting Service), en það er viðlíka starfsemi og er á Ráðgjafarstofu. Starfsmenn heimsóttu írsku félags- og fjölskyldumálaráðuneytið, en ráðuneytið ber ábyrgð á rekstri MABS. Þjónusta MABS er fyrir allt landið og eru 52 útibú vítt og breitt um það. Starfsmenn heimsóttu m.a. skrifstofur MABS í Dundrum Rathfamham í Dublin og einnig í Blanchardstown. Var kynnt nýtt úrræði sem var verið að hleypa af stokkunum, en það er hjálparlínan (MABS helpline). Var þetta í alla staði fróðleg heimsókn sem mun án efa efla starfsemi Ráðgjafarstofu, því margar hugmyndir kviknuðu þar, m.a. hugmyndin um þjónustukortin, sem þeir nefna comment card. Viðskiptavinir Ráðgjafarstofu fylla þau út til að gefa álit sitt á þjónustu Ráðgjafarstofu. Hófst það í desember 2007 og verður fróðlegt að sjá niðurstöðu af því mati.



Ársfundur 2007

Skrifstofa

Skrifstofa Ráðgjafarstofu er á Hverfisgötu 6, 2. hæð, í Reykjavík. Skrifstofan á Hverfisgötu er þriðja starfsstöð Ráðgjafarstofu. Þegar Ráðgjafarstofa var sett á laggirnar í febrúar 1996 var fyrsta skrifstofan í Lækjargötu 4 í Reykjavík. Þaðan var flutt árið 2001 í húsnæði á Suðurlandsbraut 30 í Reykjavík. Flutt var í núverandi húsnæði á Hverfisgötu 6 í október 2003.

Ársfundur 12. apríl 2007

Ársfundur Ráðgjafarstofu var haldinn 12. apríl á Grand Hóтели Reykjavík við Sigtún. Um var að ræða morgunverðarfund sem hófst kl. 8.15. Á fundinum var meðal annars kynnt ársskýrsla fyrir árið 2006 en meginmæðuefnið var greiðsluáðlögun.



Ársfundur 2007

Dagskrá ársfundarins var eftirfarandi:

Ingi Valur Jóhannsson, formaður framkvæmdastjórnar, setti fundinn. Síðan ávarpaði Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra fundarmenn. Ársskýrsla fyrir árið 2006 var kynnt af Ástu S. Helgadóttur forstöðumanni. Að því loknu var fjallað um löggjöf vegna greiðsluáðlögunar og störf nauðasamninganefndar. Arne Roti, lögfræðingur hjá lögreglustjóranum í Sogni, Noregi, fjallaði um reynslu Norðmanna af löggjöf um greiðsluáðlögun (gjeldsordningsloven). Að lokum gerði Hjalti Zóphóníasson, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneyti, grein fyrir störfum nauðasamninganefndar.

Á fundinn mættu fulltrúar samstarfsaðila og aðrir góðir gestir. Fjölmíðlum var einnig boðið á fundinn og var nokkur fjölmíðlaumfjöllun í kjölfarið.



Vorferð starfsmanna á Snæfellsjökli

BA-ritgerð í félagsráðgjöf

Á árinu vann Jóhanna Vilborg Ingvarsdóttir félagsráðgjafarnemi að BA-ritgerð í félagsráðgjöf sem ber heitið „Einhleypir karlar sem skulda meðlög - rannsókn á aðstæðum viðskiptavina Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna árin 2001 og 2006“.

Helstu niðurstöður Jóhönnu voru þær að einhleypum körlum fylgjar sem leita til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna á tímabilinu 2001 til 2006. Eftir að hafa framkvæmt rannsókn á einhleypum körlum úr gögnum frá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og skoðað bæði lagaramma tengdan efninu, ársskýrslur frá Innheimtustofnun sveitarfélaga, Velferðarsviði Reykjavíkurborgar og Ráðgjafarstofu sem og almenna tölfræði er það mat Jóhönnu að þörf sé á frekari úrræðum fyrir einhleypa karla sem skulda meðlög. Hún telur að skuldsettum einhleypum körlum sem skulda meðlög sé gert erfitt um vik að komast úr skuldaspunni.

Fjölmiðlar

Ráðgjafarstofa telur mikilvægt að taka þátt í þjóðfélagslegri umræðu um greiðsluferfiðleika og hefur mikið verið leitað til hennar á árinu. Nokkur fjöldi viðtala og tilvitnana við starfsmenn hefur birst í fjölmiðlum, bæði í dagblöðum, sjónvarpi, útvarpi og vefmiðlum.

Á árinu birtust um 40 fréttir eða greinar þar sem vísað er á einn eða annan hátt til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Oflangt mál er að telja þær allar upp en það sem helst var fjallað um var um ungt fólk og greiðsluferfiðleika, skuldir heimilanna, heimilisbókhald og þjónustu Ráðgjafarstofu svo fátt eitt sé nefnt.


Samstarf

Mikil áhersla er lögð á samstarf hjá Ráðgjafarstofu og sérstaklega við samstarfsaðila. Það eru haldnir reglulega tengiliðafundir bæði með starfsmönnum fjármálafyrirtækja og félagsþjónustu sveitarfélaga. Auk þess sækja fundina fulltrúar aðila frá Hjálparstarfi kirkjunnar og Tryggingastofnun ríkisins svo dæmi séu tekin.

Erlent samstarf

Starfsmenn Ráðgjafarstofu hafa sótt ráðstefnur á vegum ECDN (European Consumer Debt Network). Í lok ársins var ákveðið að Ráðgjafarstofa gengi í samtökin og tæki þátt í uppbyggingu samstarfsins. Hugmyndin bakvið samtökin er að miðla og skiptast á upplýsingum um greiðsluferfiðleika í Evrópu og koma með hugmyndir til úrbóta.

Rekstur og samstarf



Framlög til rekstrar og aðrar tekjur

Framlög aðila eru ákveðin fyrirfram skv. 2. gr. samkomulagsins og taka breytingum ár hvert í samræmi við breytingar á launavísitölu Hagstofu Íslands. Í töflu 1 gefur að líta framlög aðila til rekstrar Ráðgjafarstofu árið 2007.

Aðilar að samkomulaginu	Framlög í krónum	Hlutfall
ASÍ	182.877	0,3%
BHM	182.877	0,3%
BSRB	182.877	0,3%
Félagsmálaráðuneyti	20.604.110	38,0%
Íbúðalánasjóður	6.031.274	11,1%
Glitnir hf.	4.476.822	8,3%
Kaupþing banki hf.	4.476.822	8,3%
Landbanki Íslands	4.476.822	8,3%
Landssamtök lífeyrissjóða	387.699	0,7%
Rauði kross Íslands	182.877	0,3%
Reykjavíkurborg	5.860.589	10,8%
Samband ísl. sparisjóða	4.476.822	8,3%
Samband ísl. sveitarfélaga	1.256.973	2,3%
Þjóðkirkjan	471.822	0,9%
Kópavogsbær	999.726	1,8%
Samtals	54.250.989	100%

Styrktaraðili

Kreditkort styrkti rekstur Ráðgjafarstofu með myndarlegum hætti eins og undanfarin ár. Í desember 2007 gekk Kreditkort inn í samkomulagið sem fullgildur aðili til næstu fimm ára.

Þjónustusamningur

Á árinu var endurnýjaður þjónustusamningur við Akureyrarkaupstað. Ráðgjafar fóru eins og undanfarin ár til Akureyrar tvisvar í mánuði og tóku viðtöl í húsnæði fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar. Hefur þetta samstarf gengið mjög vel, en það hefur verið við lýði frá árinu 2002.

Fjármálafræðsla

Ráðgjafarstofa var með ýmis konar fjármálafræðslu á árinu hjá ólíkum aðilum. Sem dæmi má nefna fræðslu hjá Iðnskólanum í Reykjavík, Vinnuálastofnun höfuðborgarsvæðisins og Menntaskólanum í Hamrahlíð svo nokkrir séu nefndir.

Ráðgjafarstofa veitir einkum eftirfarandi þjónustu:

- Einstaklingum og fjölskyldum sem eiga í verulegum greiðsluferfiðleikum og eru komin í þrot með fjármál sín er veitt aðstoð við að öðlast heildaryfirsýn yfir fjármál sín og leita leiða til lausnar. Einnig eru gerðar greiðsluáætlanir, valin hentug úrræði og höfð milliganga um samninga við lánardrottna í sérstökum tilfellum.
- Að greina ástæður greiðsluvanda og gera tillögur til úrbóta.
- Að veita umsækjendum Ráðgjafarstofu hjálp til sjálfshjálpar.
- Símaráðgjöf er veitt alla virka daga kl. 9.00-12.00 og 13.00-15.00.
- Netspjall er alla virka daga á sama tíma. Það er á heimasíðu Ráðgjafarstofu.

Heimasíða Ráðgjafarstofu er á slóðinni www.rad.is. Var hún mikið sótt á árinu og margir sem kynntu sér starfsemina með því að fara inn á hana.

Ráðgjöfin er endurgjaldslaus og óháð búsetu. Hjá Ráðgjafarstofu ríkir alger trúnaður um það sem fer á milli ráðgjafa og viðskiptavina, enda allir starfsmenn bundnir þagnarskyldu.

Umsókn um ráðgjöf

Viðskiptavinir sem búa á höfuðborgarsvæðinu panta sér tíma í ráðgjöf. Tímabantanir eru oftast símleiðis, í gegnum netspjallið eða tölvupóst. Einnig getur verið um að ræða tilvísanir, sérstaklega frá samstarfsaðilum. Viðkomandi fær úthlutaðan tíma hjá ráðgjafa. Þegar sá tími hefur verið bókaður fær umsækjandi senda umsókn til útfyllingar. Einnig er unnt að ná í umsókn á heimasíðu stofunnar. Þeim sem búa á landsbyggðinni gefst kostur á að senda umsókn og fá tillögur sendar til sín í pósti.

Fyrsta skrefið í ráðgjöfinni er að fá yfirsýn yfir fjárhagsstöðu viðskiptavinarins áður en gengið er til þess verks að finna lausn á vandanum. Mikil áhersla er lögð á að þeir sem eiga í greiðsluferfiðleikum komi sem fyrst, þ.e. áður en vandinn verður enn meiri.

Að lokinni samstarfsvinnu við ráðgjafa fær viðskiptavinurinn í hendurnar tillögur Ráðgjafarstofu sem hann getur nýtt sér til samninga við lánardrottna sem fá þá heildarmynd af fjárhagsstöðu viðkomandi. Tillögunum er beint til viðskiptavinarins sjálfs en ekki til lánastofnana eða kröfuhafa. Með því er verið að vinna að markmiði Ráðgjafarstofunnar um hjálp til sjálfshjálpar. Tillögunum fylgja venjulega tvö fjárhagsyfirlit. Annað sýnir fjárhagslega stöðu á umsóknardegi en hitt tillögur til úrbóta. Er reynt að hafa þetta á því formi að viðskiptavinurinn skilji tillögurnar og geti gert lánardrottnum sínum grein fyrir tillögum til lausnar vandanum. Gert er ráð fyrir að viðskiptavinurinn fylgi máli sínu eftir og komi því í framkvæmd. Í einstaka tilfellum getur Ráðgjafarstofan þurft að veita frekari aðstoð.

Neysluviðmiðun

Grundvöllur fjárhagsráðgjafar hjá Ráðgjafarstofu er mánaðarlegar ráðstöfunartekjur viðskiptavinar, þ.e. útborguð laun, vaxta-, húsaleigu- og barnabætur, meðlagsgreiðslur, lífeyrisgreiðslur og svo framvegis. Því næst er reiknaður út framfærslukostnaður fjölskyldunnar og er oftast miðað við viðmiðunarneyslu Ráðgjafarstofunnar ásamt tölulegum upplýsingum frá viðskiptavinum. Þegar framfærslukostnaður hefur verið dreginn frá ráðstöfunartekjum liggur fyrir hver greiðslugeta umsækjanda er til að greiða umsamdar fjárskuldbindingar.

Framfærslukostnaður samkvæmt viðmiðunarneyslu Ráðgjafarstofu. Uppfært í ágúst 2007 samkvæmt vísitölu neysliverðs.

	Matur og hreinlætisvörur	Tómstundir	Fatakaup	Læknis-kostnaður	Ýmislegt	Samtals	Bíll	Bleitur pr. barn
Einstaklingur	33.600	1.600	3.500	3.200	1.600	43.500	26.900	5.600
Hjón	52.300	3.200	6.900	6.200	3.200	71.800		
Hjón með 1 barn	66.400	4.700	10.000	9.400	4.700	95.200		
Hjón með 2 börn	79.000	6.200	13.100	12.500	6.200	117.000		
Hjón með 3 börn	90.000	7.800	16.300	15.700	7.800	137.600		
Hjón með 4 börn	99.400	9.400	19.400	18.700	9.400	156.300		
Einst. foreldri með 1 barn	47.600	3.200	6.500	6.200	3.200	66.700		
Einst. foreldri með 2 börn	60.300	4.700	9.700	9.400	4.700	88.800		
Einst. foreldri með 3 börn	72.000	6.200	12.800	12.500	6.200	109.700		
Einst. foreldri með 4 börn	83.700	7.800	16.000	15.700	7.800	131.000		

Viðskiptavinir

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir ýmsum tölulegum upplýsingum varðandi þann hóp landsmanna sem leitar til Ráðgjafarstofu. Ráðgjafarstofan vinnur þessar upplýsingar út frá upplýsingum frá viðskiptavinunum sjálfum, þ.e. af umsóknum og einnig þeim upplýsingum sem viðskiptavinur hefur leyft að aflað verði um hann hjá fjármálafrýrtekjum og stofnunum. Eru þessar upplýsingar skráðar og geymdar í gagnagrunni Ráðgjafarstofu.

Í lok árs var hafið þjónustumat meðal viðskiptavina Ráðgjafarstofu. Þegar viðskiptavinur kemur í síðara viðtal fær hann þjónustukort og er hann beðinn um að gefa álit sitt á þjónustu Ráðgjafarstofu. Hafa viðskiptavinir tekið þessari nýbreytni vel og komið með ýmsar áhugaverðar athugasemdir varðandi starfsemina. Í heildina litið hafa viðskiptavinir verið jákvæðir í garð Ráðgjafarstofu.

Fjöldi umsókna og viðskiptavina

Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna var stofnuð árið 1996 og fagnaði því ellefu ára afmæli á árinu 2007. Á þessum tíma hafa verið afgreiddar tæplega 8.000 umsóknir um ráðgjöf frá fjölskyldum í greiðsluferðileikum. Miðað við að fjöldi þeirra sem standa að baki umsóknum séu að meðaltali rúmlega tveir má halda því fram að þetta vandamál hafi komið við rúmlega 16.000 einstaklinga í landinu. Það eru um 5% þjóðarinnar.


Á árinu 2007 voru afgreiddar 612 umsóknir. Símaráðgjöf var einnig veitt alla virka daga og voru að meðtali afgreidd um 40 símtöl á mánuði. Netspjallið hefur sannað gildi sitt og er mikið notað og bærust Ráðgjafarstofu um 200 fyrirspurnir gegnum það á árinu. Þjónustan er með þeim hætti að viðskiptavinir geta komist í beint netsamband við starfsmenn Ráðgjafarstofu. Með netspjalli er hægt að fá á auðveldan og fljótlegan hátt ráðgjöf og almennar upplýsingar, meðal annars um þjónustu Ráðgjafarstofu, og ýmsir hafa pantað tíma í gegnum netspjallið. Það eina sem þarf að gera er að fara inn á heimasíðu Ráðgjafarstofu og smella á netspjallið.

Búseta

Líkt og áður eru langflestir viðskiptavina Ráðgjafarstofu búsettir á höfuðborgarsvæðinu eða um 80% umsækjenda og hefur það hlutfall verið svipað milli ára. Íbúar á landsbyggðinni nýta sér símaráðgjöfina, netspjallið og einnig þann möguleika að póstsenda umsókn um ráðgjöf til Ráðgjafarstofu.

Tafla 2

Umsóknir eftir landshlutum	Fjöldi 2007	Hlutfall	2006	2005
Reykjavík	340	56%	57%	55%
Nágrannasveitarfélög	143	23%	18%	21%
Reykjanes	28	5%	6%	5%
Vesturland	14	2%	2%	3%
Vestfirðir	9	1%	2%	2%
Norðurland	45	7%	8%	9%
Austurland	1	0%	2%	1%
Suðurland	32	5%	6%	4%
Fjöldi samtals	612	100%	100%	100%



Umsóknir utan höfuðborgarsvæðisins eru flestar frá Norðurlandi en þar á eftir kemur Suðurland og Reykjanes. Í gildi er þjónustusamningur milli Ráðgjafarstofu og Akureyrarkaupstaðar sem skýrir eflaust fjölda umsókna frá Norðurlandi. Ráðgjafar fóru til Akureyrar tvisvar í mánuði og tóku viðtöl hjá fjölskyldudeild Akureyrarbæjar.

Ástæður greiðsluferfiðleika

Á umsókn um ráðgjöf er óskað eftir að umsækjandi nefni hvað hann telji vera ástæðu greiðsluferfiðleika sinna. Algengt er að nefndar séu fleiri en ein ástæða, til dæmis veikindi og tekjuminnkun. Í fyrra var sett inn ný ástæða sem er vankunnátta í fjármálum þar sem starfsmenn töldu ástæðu til að hafa hana með. Í töflu 3 koma fram þær ástæður greiðsluferfiðleika sem oftast eru nefndar árið 2007. Í töflu 3a kemur fram mat ráðgjafa.

Sú ástæða sem umsækjendur nefndu oftast á árinu var veikindi, en þau voru nefnd í 26% tilfella. Það er athyglisvert að sú ástæða sem næst er nefnd er vankunnátta í fjármálum í 16% tilvika. Árið 2006 var þessi ástæða nefnd í 16,3% tilvika. Starfsmenn hafa orðið varir við að viðskiptavinir ræða oft um að þeim finnist þeir vita lítið um fjármál og hafa oft ekki gert sér grein fyrir þeim skuldbindingum sem þeir hafa tekið sér á hendur og afleiðingum þeirra.

Tafla 3

Ástæður að mati viðskiptavina	Fjöldi 2007	Hlutfall
Atvinnuleysi	142	8%
Ábyrgðir	78	5%
Minni tekjur	216	13%
Offjárfesting	164	10%
Skilnaður / sambúðarslit	165	10%
Vankunnátta í fjármálum	276	16%
Veikindi	451	26%
Annað	212	12%

Tafla 3a

Ástæður að mati ráðgjafa	Fjöldi 2007	Hlutfall
Atvinnuleysi	75	7%
Ábyrgðir	47	4%
Minni tekjur	125	11%
Offjárfesting	136	12%
Skilnaður / sambúðarslit	103	10%
Vankunnátta í fjármálum	207	19%
Veikindi	289	26%
Annað	121	11%

Tillögur til lausnar greiðsluerfiðleikum

Starfsmenn Ráðgjafarstofu reyna eftir fremsta megni að leita úrræða og lausna sem henta þeim sem eiga í greiðsluerfiðleikum. Tillögur ráðgjafa til viðskiptavina geta verið eins misjafnar og málin eru mörg. Ráðgjafi þarf að meta málið í heild sinni og ákveða hvað hann telur þjóna hagsmunum viðskiptavinarins og lánardrottins sem best. Einnig þarf að meta ýmis atriði eins og aðstæður viðskiptavinar og getu hans til að leysa vandann.

Það getur verið nauðsynlegt að draga úr framfærslukostnaði, auka vinnu, selja eignir, sækja um ýmiss konar ívilnanir eða bótagreiðslur. Einnig getur þurft að vísa viðskiptavini á félagsþjónustu sveitarfélaga, Tryggingastofnun ríkisins, stéttarfélög eða ýmiss konar félagasamtök og líknarfélög. Í sumum tilfellum þarf að vísa á ábyrgðarmann. Í raun er um samspil margra þátta að ræða hvernig tillögurnar hljóða og þá ráða félagslegar og fjárhagsaðstæður viðskiptavinar, skuldasetning og samningsvilji kröfuhafa mestu.

Sjá má á töflu 4 að tillögur ráðgjafa til lausnar eru mismunandi. Þær sem eru algengastar eru skuldbreytingar og að leita samninga við kröfuhafa. Hér reynir mjög á samningsvilja kröfuhafa og er því mikilvægt að þeir hafi heildaryfirsýn yfir mál viðkomandi lántaka. Í þeirri vinnu getur hjálpað að hafa í höndunum tillögur og fjárhagsyfirlit frá Ráðgjafarstofu.

Tafla 4

	Fjöldi 2007	Hlutfall
Ábyrgðarmenn	32	3,4%
Félagsþjónusta sveitarfélaga	79	8,3%
Frestun á greiðslum (Íls)	59	6,0%
Frjáls sala	105	11,0%
Gjaldþrot	12	1,3%
Nauðasamningar	34	3,6%
Ögjaldfær	132	13,9%
Samkomulag	190	20,0%
Skuldbreytingar	216	22,7%
Annað	93	9,8%

Félagslegar aðstæður

Á umsókn um ráðgjöf gefa viðskiptavinir ýmsar upplýsingar um sig, meðal annars um félagslegar aðstæður sínar svo sem fjölskyldugerð, atvinnustöðu, húsnæðisaðstæður o.fl.


Fjölskyldugerð

Einstæðar mæður eru líkt og undanfarin ár stærsti einstaki hópur viðskiptavina Ráðgjafarstofu eða 34% þeirra sem leita sér ráðgjafar. Næststærsti hópurinn er einhleypir karlar en þeir voru 23% þeirra sem komu á árinu. Einhleypar konur voru 19% en fjöldi þeirra hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Þar á eftir koma hjón með börn eða 17% umsækjenda.

Tafla 5 Sýnir fjölskyldugerð þeirra sem leituðu ráðgjafar á árunum 2005 - 2007.

Tafla 5

Fjölskyldugerð	Fjöldi 2007	Hlutfall	2006	2005
Einhleyp kona	117	19%	14%	12%
Einhleypur karl	141	23%	24%	24%
Einstæð móðir	208	34%	35%	34%
Einstæður faðir	10	2%	3%	3%
Hjón /samb.	29	5%	4%	8%
Hjón með börn	107	17%	20%	19%
Samtals	612	100%	100%	100%



Atvinnustaða

Þegar litið er til atvinnustöðu þeirra sem leita til Ráðgjafarstofunnar kemur í ljós að rúmlega helmingur þeirra er í vinnu (57%) sem er líkt og undanfarin ár. Lífeyrisþegar eru 30,%, öryrkjar eru þar stærsti hópurinn, og atvinnulausir 10%

Tafla 6

Atvinnustaða	Fjöldi 2007	Hlutfall	2006	2005
Í atvinnu	425	57%	59%	61,0%
Lífeyrisþegar	227	30%	25%	22,0%
Atvinnulaus	73	10%	11%	13,0%
Námsmaður	23	3%	4%	4,0%
Heimavinnandi	0	0%	1%	%
Samtals	748	100%	100%	100%

Húsnæðisaðstæður

Viðskiptavinir Ráðgjafarstofu á árinu 2007 búa flestir í leiguhúsnæði eða rúmlega helmingur (54%) Þriðjungur býr í eigin fasteign (34%). Er þetta þróun sem verið hefur undanfarin ár. Líkleg skýring er að einstaklingar í greiðsluferfiðleikum hafa verið að fara á leigumarkað m.a. vegna hækkunar fasteignaverðs og hárrar greiðslubyrði af lánnum.

Tafla 7

Húsnæðisaðstæður	Fjöldi 2007	Hlutfall	2006	2005
Eigin fasteign	206	34%	39%	32%
Leiguhúsnæði	329	54%	52%	55%
Í foreldrahúsum	44	7%	5%	9%
Búseturéttur	11	2%	1%	2%
Annað	22	3%	3%	2%
Samtals	612	100%	100%	100%

Eignir

Umsóknir voru samtals 612 á árinu. Fjöldi umsókna þar sem eignir eru engar er 199. Eignir eru oftast miðaðar við áætlað markaðsvirði þeirra samkvæmt upplýsingum viðskiptavina. Heildareignir voru áætlaðar samtals 4.723.514.315 krónur. Að meðaltali voru eignir umsækjenda 11.437.081 kr. Ef skoðaðar eru skuldir sem teknar eru með veði í eignum, svo sem fasteigna- og bílalán, eru skuldir samtals 3.686.991.386 kr. Veðsetning er því 78% af áætluðu markaðsverði fasteigna og bifreiða. Taka skal fram að 34% umsækjenda voru í eigin húsnæði sbr. í töflu 7.

Aldur

Á árinu eru aldurshóparnir 21-30 ára og 31-40 ára nánast jafnstórir. Þeir eru rúmlega 60% umsækjenda. Tveir umsækjendur voru undir tvítugu en 11 yfir sjötugt. Það hlýtur að vera áhyggjuefni hve margt ungt fólk á í greiðsluferðleikum. Að mati Ráðgjafarstofu þarf að stórefla fjármálafræðslu til ungs fólks, bæði á grunn- og framhaldsskólaaldri.

Tafla 8

Aldur	Fjöldi 2007	Hlutfall	2006	2005
<=20	2	0,3%	0,4%	0,2%
21-30	221	29,5%	31,1%	30,6%
31-40	232	31,0%	31,8%	29,1%
41-50	151	20,2%	23,1%	25,2%
51-60	103	13,8%	8,3%	10,1%
61-70	28	3,7%	3,4%	3,3%
>71	11	1,5%	1,9%	1,5%
Samtals	748	100%	100%	100%

Ráðstöfunartekjur eftir fjölskyldugerð

Einhleypar konur voru með lægstu ráðstöfunartekjurnar á árinu 2007. Ef skoðaðar eru ráðstöfunartekjur barnlausa hjóna og þeim skipt í tvennt ná þær samt ekki ráðstöfunartekjum einhleypna kvenna. Hins vegar ætti kostnaður vegna heimilisreksturs þeirra að vera lægri. Athyglisvert er að ráðstöfunartekjur einstæðra fedra eru mun lægri en einstæðra mæðra. Mismunurinn gæti verið vegna fjölda barna á framfæri þeirra og í því hversu fáir einstæðu fedurnir eru.

Tafla 9

Fjölskyldugerð	Fjöldi 2007	Hlutfall	2007	2006
Einhleyp kona	98	18%	155.349	158.367
Einhleypur karl	111	21%	177.977	164.141
Einstæð móðir	188	35%	234.845	213.399
Einstæður faðir	9	2%	184.150	210.136
Hjón	27	5%	297.438	305.829
Hjón með börn	105	20%	391.311	354.437

Ýmsar upplýsingar

Skuldir heimilanna

Heildarskuldir umsækjenda jukust um 14,9% á milli ára sem er mun meiri aukning en hækkun verðbólgu fyrir sama tímabil. Ef sérstaklega eru skoðaðar eftirstöðvar skulda þá jukust þær um 9,4%.

Eftirstöðvar lána með veði í fasteign hækkuðu um 13,1% og bílalána um 19,1%.

Vanskil hækkuðu samtals um 33,5% á árinu en lækkuðu um 10,2% á árinu 2006. Mesta hækkun vanskila eftir tegund lána var vegna raðgreiðslusamninga á kreditkortum eða 144,2%. Vanskil bílalána hafa hækkað næst mest eða um 72,2%. Heildarskuldir á umsókn árið 2007 voru að meðaltali 11.311.271 kr.

Það verður því að teljast afar óhagstæð þróun á milli árunna 2006 og 2007 hvað vanskil hafa hækkað mikið. Sjá nánari sundurliðun í töflum 10 og 11.

Tafla 10

Eftirstöðvar eftir tegund skulda	2007	Hlutfall	2006	Hækkun/lækkun
Fasteignaveðlán	3.253.941.430	64,0%	3.055.177.886	13,1%
Lán með lánsveði	200.646.475	3,9%	(ekki tilgreint)	
Önnur lán með persónuábyrgðum	995.575.588	19,6%	1.022.513.726	-2,6%
Bíalán	216.486.928	4,3%	181.737.258	19,1%
Lán með raðgreiðslusamningi	49.938.350	1,0%	46.348.497	7,7%
Kreditkortaskuldir	35.460.942	0,7%	43.877.695	-19,2%
Vangoldin opinber gjöld	3.075.290	0,1%	5.136.205	-40,1%
Skuldir vegna námslána	296.329.583	5,8%	249.180.159	18,9%
Aðrar ótilgreindar skuldir	30.888.960	0,6%	43.382.054	-28,8%
Samtals	5.082.343.546	100,0%	4.647.353.480	9,4%

Tafla 11

Vanskil eftir tegund skulda	2007	Hlutfall	2006	Hækkun/lækkun
Fasteignaveðlán	138.995.879	7,6%	63.792.439	129,5%
Lán með lánsveði	7.379.546	0,4%	(ekki tilgreint)	
Önnur lán með persónuábyrgðum	637.887.834	34,7%	525.007.068	21,5%
Bíalán	77.567.149	4,2%	45.049.631	72,2%
Lán með raðgreiðslusamningi	12.513.624	0,7%	5.123.964	144,2%
Kreditkortaskuldir	100.011.486	5,4%	81.552.016	22,6%
Vangoldin opinber gjöld	374.828.781	20,4%	252.905.360	48,2%
Skuldir vegna námslána	28.387.567	1,5%	17.057.412	66,4%
Meðlagsskuldir	154.665.140	8,4%	141.553.393	9,3%
Aðrar ótilgreindar skuldir	307.917.043	16,7%	246.341.980	25,0%
Samtals	1.840.154.049	100,0%	1.378.383.263	33,5%

Nefnd vegna löggjafar um greiðsluáðlögun

Hinn 5. mars 2007 skipaði þáverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra nefnd til að vinna drög að frumvarpi til sérstakra laga um greiðsluáðlögun einstaklinga. Í starfinu átti nefndin að hafa hliðsjón af norrænni löggjöf og reynslu af lagaframkvæmd um sambærileg úrræði. Friðgeir Björnsson, fyrrverandi dómstjóri, var formaður nefndarinnar. Aðrir nefndarmenn voru Ásta Sigrún Helgadóttir, forstöðumaður Ráðgjafarstofu, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur hjá Neytendasamtökunum, Oddur Ólason, lögfræðingur hjá Glitni hf. og G. Valdimar Valdemarsson, tilnefndur af viðskiptaráðuneyti. Nefndin lauk störfum um miðjan desember sl. og skilaði drögum að frumvarpi til viðskiptaráðherra.

Lög um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga

Til að auðvelda einstaklingi sem á í verulegum fjárhagsörðugleikum að leita nauðasamnings er ríkinu heimilt að veita réttaraðstoð, sbr. lög um réttaraðstoð við einstaklinga að leita nauðasamninga, nr. 65/1996.

Umsækjendur um réttaraðstoð beina umsóknum sínum til dómsmálaráðherra, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 65/1996, og ráðuneytið framsendir nauðasamninganefnd umsóknirnar til umsagnar. Í nefndinni sitja þrír nefndarmenn sem annaðhvort leggja til að réttaraðstoð verði veitt eða mæla gegn því ef svo ber undir. Ef nefndin telur líkur á því að umsækjandi geti ráðið bót á fjárhagsörðugleikum sínum með nauðasamningi, þar á meðal að samningurinn muni fást staðfestur, er veitt jákvæð umsögn til ráðherra um að veita réttaraðstoð. Dómsmálaráðherra veitir síðan réttaraðstoð og er þá greiddur kostnaður við að leita nauðasamnings ásamt tryggingum fyrir kostnaði við undirbúning og gerð nauðasamnings. Ákveðið þak er á kostnaði á hverjum tíma.

Þetta úrræði hefur verið við lýði frá árinu 1996. Tafla 12 sýnir yfirlit yfir fjölda umsókna og veitta réttaraðstoð til dagsins í dag.

Formaður nauðasamninganefndar og skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu mættu á fund framkvæmdastjórnar til þess meðal annars að ræða málefni nauðasamninganefndar og um samstarfið.

Fjöldi umsókna um réttaraðstoð	Réttaraðstoð veitt
2002	17
2003	24
2004	17
2005	15
2006	14
2007	14

Samkomulag

Samkomulag

um hlutverk og rekstur Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna

Eftirtaldir aðilar gera með sér samkomulag um hlutverk og rekstur Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna fyrir tímabilið 1. janúar 2008 til 31. desember 2012:

Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Félagsmálaráðuneytið, Íbúðalánasjóður, Glitnir hf., Kaupþing banki hf., Kópavogsbær, Kreditkort hf., Landsbanki Íslands hf., Landssamtök lífeyrissjóða, Rauði kross Íslands, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sparissjóða, Samband íslenskra sveitarfélaga, og Þjóðkirkjan.

Heimilt er að fjölga aðilum að samkomulaginu ef 2/3 hlutar framkvæmdastjórnar Ráðgjafarstofunnar samþykkja það.

Lögheimili og varnarþing Ráðgjafarstofunnar er í Reykjavík.

Hlutverk Ráðgjafarstofunnar

1. gr.

Hlutverk Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna er eftirfarandi:

- Að veita einstaklingum og fjölskyldum sem eiga í verulegum greiðsluerfiðleikum og eru komin í þrot með fjármál sín aðstoð við að öðlast heildarsýn yfir fjármál sín og leita leiða til lausnar. Einnig ef svo á við að gera greiðsluáætlanir, velja hentug úrræði og hafa milligöngu um samninga við lánardrottna í sérstökum tilfellum.
- Að greina ástæður greiðsluvanda einstaklinga og gera tillögur til úrbóta.
- Að stuðla að samstarfi þeirra sem starfa hjá aðilum þessa samkomulags og vinna að málefnum þeirra sem eiga í greiðsluerfiðleikum.
- Að veita þeim sem leita til Ráðgjafarstofu hjálp til sjálfshjálpar,
- Að vinna að fræðslustarfi fyrir almenning um fjármál heimilanna í því augnamiði að draga úr hættu á greiðsluerfiðleikum. Jafnframt að gefa út fræðsluefni og bæklinga varðandi málefnið.

Ráðgjöfin er endurgjaldslaus og óháð búsetu.

Framlög aðila til rekstrar Ráðgjafarstofu

2. gr.

Árleg framlög aðila til rekstrar Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna á gildistíma samkomulags þessa skiptast milli þeirra með eftirfarandi hætti:

Aðilar að samkomulaginu	Framlög
ASÍ	190.568
BHM	190.568
BSRB	190.568
Félagsmálaráðuneyti	21.470.607
Íbúðalánasjóður	6.284.917
Glitnir hf.	4.665.093
Kaupþing banki hf.	4.665.093
Kópavogsbær	1.041.769
Kreditkort hf.	350.000
Landsbanki Íslands	4.665.093
Landssamtök lífeyrissjóða	404.003
Rauði kross Íslands	190.568
Reykjavíkurborg	6.107.054
Samband íslenskra sparisjóða	4.665.093
Samband íslenskra sveitarfélaga	1.309.834
Þjóðkirkjan	491.664

Framlöggin eru á verðlagi í október 2007 og taka breytingum í janúar ár hvert í samræmi við breytingar á launavísitölu Hagstofu Íslands, í fyrsta sinn í janúar 2008. Framkvæmdastjórn sbr. 4.gr. getur gert tillögu um breytingu framlaga.

Aðrar tekjur

3. gr.

Framkvæmdastjórn, sbr. 4. gr., er heimilt að gera þjónustusamninga til lengri eða skemmri tíma við aðra aðila sem ekki eru aðilar að samkomulaginu.

Framkvæmdastjórn

4. gr.

Framkvæmdastjórn fer með yfirstjórn og stefnumótun Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Í henni eru fimm einstaklingar sem tilnefndir eru til þriggja ára í senn:

- 1 fulltrúi frá félagsmálaráðuneyti,
- 1 fulltrúi frá Íbúðalánasjóði,
- 1 fulltrúi frá Reykjavíkurborg og
- 2 fulltrúar frá fjármálafyrirtækjum, tilnefndir af samtökum þeirra (SFF).

Jafnmargir varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

Með stjórninni skal starfa starfsmaður úr félagsmálaráðuneyti.

Félagsmálaráðherra skal skipa formann framkvæmdastjórnar. Fyrir setu í stjórn skal greiða þóknun samkvæmt ákvörðun þóknarnefndar.

Félagsmálaráðherra getur ákveðið að fjölga stjórnarmönnum í sjö að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar.

Þeir sem sitja fundi framkvæmdastjórnar eru bundnir þagnarskyldu lögum samkvæmt.

Forstöðumaður

5. gr.

Framkvæmdastjórn Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna gerir tillögu til félagsmálaráðuneytis um ráðningu forstöðumanns. Forstöðumaður ræður annað starfsfólk í samráði við formann framkvæmdastjórnar. Forstöðumaður annast daglegan rekstur og ber ábyrgð á fjárreiðum Ráðgjafarstofu gagnvart félagsmálaráðuneyti sem fer með fjárvörslu stofunnar. Forstöðumaður framfylgir ákvörðunum framkvæmdastjórnar og leggur árlega fram starfs- og fjárhagsáætlun sem skal samþykkjast af framkvæmdastjórn. Þessar áætlanir skulu vera í samræmi við markmið og hlutverk Ráðgjafarstofu.

Forstöðumaður situr fundi framkvæmdastjórnar með tillögurétt og málfrelsi.

Umsóknir um ráðgjöf

6. gr.

Umsóknir um aðstoð frá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og viðtöl skal fara með sem trúnaðarmál og eru allir ráðgjafar og aðrir starfsmenn bundnir þagnarskyldu lögum samkvæmt.

Umsækjandi undirritar samþykki á umsókn þess efnis að Ráðgjafarstofu sé heimilt að afla upplýsinga um fjárhagsstöðu umsækjanda.

Vinnu- og verklagsreglur varðandi umsóknir og meðferð þeirra skulu settar af framkvæmdastjórn.

Endurskoðun reikninga

7. gr.

Reikningsár Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna er almanaksárið. Ársreikningar skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun.

Ársfundur Ráðgjafarstofu

8. gr.

Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna skal fyrir lok apríl ár hvert gefa út ársskýrslu og halda ársfund fyrir m.a. aðila að rekstri stofunnar þar sem gera skal grein fyrir starfsemi liðins árs og til að kynna starfsemina.

Gildistími og uppsagnarákvæði

9. gr.

Samkomulag þetta er í gildi frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2012. Ef samkomulaginu verður ekki sagt upp af aðilum samkomulags fyrir 31. janúar 2010 mun það sjálfkrafa framlengjast til 31. desember 2012.

Reykjavík, 7. desember 2007


f.h. félagsmálaráðuneytis


f.h. Reykjavíkurborgar


f.h. Íbúðalánasjóðs



f.h. Kaupþings banka hf.



f.h. Glitnis hf.


f.h. Landsbanka Íslands hf.

f.h. Sambands ísl. sparisjóða


f.h. Kópavogsbæjar


f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða


f.h. BSRB


f.h. Sambands ísl. sveitarfélaga


f.h. ASÍ


f.h. BHM


f.h. Rauða kross Íslands


f.h. Þjóðkirkjunnar


f.h. Kreditkorta hf.

